

Hverfisnefnd Naustahverfis

Aðalfundur hverfisnefndar Naustahverfis

21. fundur haldinn í Naustaskóla 13. október 2009

Fundarstjóri Ólöf Inga Andrédóttir

Ritari Ásdís Birgisdóttir

Hrafnhildur E. Karlsdóttir las skýrslu stjórnar og fór yfir starfsreglur hverfisnefnda. Starfsreglur hverfisnefndar Naustahverfis samþykktar samhljóða.

Kosning nýrrar stjórnar. Gamla stjórnin fékk kosningu til áframhaldandi setu. Vegna breyttra regla um fjölda nefndarmanna gengur Ólöf I. Andrédóttir úr nefndinni.

Bjarni Sigurðsson kynnti nággrannavörslu í hverfinu. Kynningarfundur hjá Sjóvá fimmtudaginn 23. október í Brekkuskóla.

Gestir fundarins voru Hermann Jón Tómasson bæjarstjóri og Helgi Már Pálsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar.

Hermann Jón ræddi um tilurð og uppbyggingu hverfisins. Framtíðarsýn er sú að hverfið verði nokkuð sjálfbært, svipað og lítið þorp. Gatnakerfi hverfisins tíundað sem og tengileiðir við önnur hverfi, s.s. Dalsbraut. Fyrirspurnir úr sal varðandi ýmis mál t.d. tengd samgöngumálum. Einnig rætt um frágang lóða og grunna. Ábyrgð liggur hjá byggingaverktökum þangað til bærinn tekur lóðin til sín. Hermann Jón fjallaði einnig um tekjur og gjöld bæjarins og nefndi að þróunin hefði verið jákvæðari en menn þorðu að vona.

Umræður og fyrirspurnum beint til Hermanns Jóns og Helga Mús.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.